

2024 | DESEMBER
SEDLABANKI ÍSLANDS



ALPJÓÐLEGAR ÞVINGUNARADGERÐIR
OG FRYSTING FJÁRMUNA

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frysting fjármuna - Eftirlit með viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum

Tilkynningarskyldir aðilar (hér eftir „TA“) samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, bera skyldur samkvæmt lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Markmið laganna er annars vegar að mæla fyrir um framkvæmd þvingunaraðgerða sem ákveðnar eru af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna á grundvelli 41. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, af alþjóðastofnunum eða af ríkjahópum til að viðhalda friði og öryggi og/eða tryggja virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og hins vegar að hindra fjármögnun hryðjuverka, mannréttindabrota og brota á mannúðarrétti og útbreiðslu og fjármögnun geryðingarvopna.

Skylda tilkynningarskyldra aðila

Sjá sérstaklega ákvæði 10. og 13. gr. laganna. Skylda TA er í meginefnum fjórþætt:

- Viðhafa eftirlit með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur þeirra séu á listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðar (hér eftir listar) með því að hafa viðeigandi kerfi eða eftir atvikum ferla og aðferðir í þeim tilgangi.
- Sé viðskiptamaður og/eða raunverulegur eigandi skráður á lista, skal frysta fjármuni.
- Tilkynna eigendum fjármuna, utanríkisráðuneytinu, skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og fjármálaeftirlitinu um frystingu fjármuna.
- Tilkynna skal til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, utanríkisráðuneytisins og fjármálaeftirlitsins ef grunur leikur á um að viðskiptamaður og/eða raunverulegur eigandi hafi gert ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs skv. 10. gr. laganna.

I. Viðeigandi kerfi, ferlar og aðferðir

1. TA er skylt að hafa viðeigandi kerfi og/eða ferla og aðferðir til að sinna eftirliti með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þá sem sæta alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Með kerfi er átt við tölvukerfi eða gagnagrunn sem sækir ávallt

nýjustu upplýsingarnar um þá sem eru á listum yfir þvingunaraðgerðir.

2. Skimun gagnvart listum yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir skal fara fram bæði í upphafi viðskipta og reglulega á meðan samningssambandið varir. Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar endurmeti reglulega þörf á tíðni eftirlits.
3. Við eftirlit með því hvort viðskiptamaður og raunverulegur eigandi eru skráðir á lista, skal gæta þess að listar séu ávallt uppfærðir í samræmi við nýjustu útgáfu lista Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins.

Lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir er að finna á eftirfarandi vefsíðum:

- <https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/information>
- <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/lagamal/thvingunaradgerdir>
- <https://www.sanctionsmap.eu/#/main>

4. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá kröfu um slíkt kerfi sýni tilkynningarskyldur aðili fram á að markmiði laganna verði náð með ferlum og aðferðum. Þeir sem fengið hafa undanþágu frá kröfu um slíkt kerfi á grundvelli 1. mgr. 13. gr. þurfa þó ávallt að hafa ferla

og aðferðir til að meta hvort viðskiptamenn þeirra og raunverulegir eigendur séu á listum yfir þvingunaraðgerðir.

5. Styðjist TA við ferla og aðferðir, er mælt með því að TA skrái sig rafrænt hjá stjórnarráðinu til að fá tilkynningar um allar nýjustu uppfærslur. Ábyrgð á því að tryggja að listinn sé uppfærður og innihaldi réttar upplýsingar hvílir ávallt hjá TA.

II. Uppfletting á viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum – Skráð ríki, einstaklingar, lögaðilar og hópar/samtök

6. Skylda TA til að fletta upp í listum tekur til núverandi viðskiptamanna og raunverulegra eigenda sem hluti af reglubundnu eftirliti og nýrra (mögulegra) viðskiptamanna og raunverulegra eigenda sem hluti af framkvæmd áreiðanleikakönnunar.
7. TA skulu reglulega skima umrædda aðila gagnvart listum (einnig viðskiptamenn sem teljast "óvirkir" í viðskiptum) til að kanna hvort nöfn þeirra komi upp þegar flett er upp ríki, nafni eða heiti.
8. Komi upp að viðskiptamaður og/eða raunverulegur eigandi sé á lista er TA skylt að grípa til viðeigandi og réttmætra ráðstafana til að staðfesta að hann sé í reynd sá aðili sem kemur upp á listanum.

Staðfesting upplýsinga:

Ef ástæða er til að ætla að viðskiptamaðurinn og/eða raunverulegur eigandi sé á lista en það liggja ekki fyrir trúverðugar upplýsingar eða gögn til að staðfesta sannjálkvæða svörun, er mælt með því að hinn TA hafi samband við utanríkisráðuneytið og afli frekari gagna til að staðfesta fyrirbyggjandi grun, ef slík gögn eru til.

III. Skylda til að frysta fjármuni og efnahagslegan auð

9. Skylt er að frysta fjármuni og efnahagslegan auð (hér eftir „fjármuni“) ef í ljós kemur að viðskiptamaður og/eða raunverulegur eigandi sé á listum yfir þá sem sæta þvingunaraðgerðum. Skylt er að frysta fjármuni, hvort sem að eignarhald er tilkomið með beinum eða óbeinum hætti þ.e. hefur yfirráð yfir þeim eða hefur þá í sinni vörslu eða stýrir þeim. Nái eignarhald viðskiptamanns og/eða raunverulegs eiganda til fjármuna að hluta, skal frystingin ná til þeirra í heild sinni.

Sá sem vanrækir að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna getur verið látinn sæta viðurlögum, m.a. í formi dagsekta eða stjórnvaldssekta.

Fjármunir:

Hvers kyns fjáreignir og ágóði, þ.m.t.:

- Reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar.
- inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum aðilum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar.
- fjármálagerningar sem verslað er með í og/eða utan viðskiptavettvanga, þ.m.t. hlutabréf og hlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, lán, ábyrgðir, skuldaviðurkenningar og afleiðusamningar.
- Vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem rekja má til eða myndast af eignum.
- Lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, áfanga-tryggingar eða aðrar fjárskuldbindingar.
- Ábyrgðir, farmbréf og reikningar.
- Skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni.
- Hvers konar gerningar til að fjármagna útflutning.

Efnahagslegur auður:

Hvers kyns eignir, efnislegar jafnt sem óefnislegar, færanlegar eða ófæranlegar, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu.

IV. Hvaða fjármuni skal frysta?

10. Ef viðskiptamaðurinn á hluta fjármunanna, þá tekur frystingin til viðkomandi fjármuna í heild sinni. Sem dæmi má nefna að ef að viðskiptamaðurinn á 50% eða meira í félagi ber að frysta allar eigur félagsins.
11. Ef fjármunir eru hjá aðila sem kemur fram fyrir hönd viðskiptamannsins, nær frysting einnig til þeirra fjármuna.
12. Þar sem skylt er að frysta fjármuni sem viðskiptamaður á með beinum eða óbeinum hætti (hefur yfirráð yfir tilteknum eignum) þarf hinn TA að framkvæma rannsókn og afla gagna til að finna eignir viðskiptamannsins. Slík rannsókn felur m.a. í sér eftirfarandi:

Kanna beint og óbeint eignarhald

13. Meta skal hvort félag er í eigu eða lýtur stjórn/yfirráða viðskiptamanns sem er skráður á lista. Hér skal m.a. líta til eftirfarandi atriða:
 - a. Bein eignarráð viðskiptamanns sem skráður er á lista: Þegar viðskiptamaðurinn á meira en 50% í félagi.
 - b. Óbein eignarráð/yfirráð viðskiptamanns sem skráður er á lista:
 - Þegar viðskiptamaðurinn á a.m.k. meirihluta hlutafjár eða ræður a.m.k. meirihluta atkvæða í félagi.
 - Þegar viðskiptamaðurinn er framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður félags.

- Þegar viðskiptamaður hefur önnur yfirlit yfir félagi en getið er hér að ofan;
 - hefur rétt til að tilnefna eða setja af meirihluta stjórnar félags,
 - getur gert samninga við aðra, s.s. hluthafa og/eða félagið sjálft um að hann fari einn eða með hluthöfum með a.m.k. meirihluta atkvæðisréttar í félaginu eða
 - samþykktir félagsins kveða á um slíkan rétt

Kanna viðskiptasögu viðskiptamanns

14. TA skulu rannsaka og greina viðskiptasögu viðskiptamanns sem er skráður á lista og varðveita skýrslu um slíka rannsókn.

Kanna tengda aðila

15. TA skal afla frekari gagna til finna aðila sem tengjast viðskiptamanni sem skráður er á lista, ef einhverjir eru. Mikilvægt er að ganga úr skugga um hvort tengdir aðilar séu til staðar og skoða fjármuni í þeirra eigu, skyldi vera tilefni til frekari frystingar fjármuna.

16. Greina viðskiptasögu tengdra aðila. Slík greining getur upplýst um aðrar eignir viðskiptamanns sem er skráður á lista, s.s. í gegnum félög eða annað eignarhald

Tilkynna um frystingu fjármuna

17. TA er skyld að tilkynna eigendum fjármuna, utanríkisráðuneytinu, skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og fjármálaeftirlitinu um frystingu fjármuna.

18. Í tilkynningarskyldunni felst að veita skal þar til bærum stjórnvöldum, án tafar allar upplýsingar sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að framfylgja þeim þvingunaraðgerðum sem gilda hér á landi.

19. Tilkynningar um frystingu fjármuna og aðrar upplýsingar sem tengjast framkvæmd laga um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og frystingu fjármuna skulu, eftir því sem við á, sendar til:

- utanríkisráðuneytisins á netfangið postur@mfa.is
- skrifstofa fjármálagreininga lögreglu pt@hersak.is
- fjármálaeftirlitsins á netfangið sedlabanki@sedlabanki.is

20. Vanræksla á að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna getur varðað viðurlögum, m.a. í formi dagsekta eða stjórnvaldssekta.

V. Ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna

21. Tilkynna skal til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, utanríkisráðuneytisins og fjármálaeftirlitsins ef grunur leikur á um að viðskiptamaður og/eða raunverulegur eigandi hafi gert ráðstafanir til að komast hjá frystingu fjármuna eða efnahagslegs auðs skv. 10. gr. laganna.

22. Tilkynningar um grun um að reynt hafi verið að komast hjá frystingu fjármuna skal senda á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu á netfangið pt@hersak.is, utanríkisráðuneytið á postur@mfa.is og Fjármálaeftirlitið á netfangið sedlabanki@sedlabanki.is.

